

# Fjölmenningarsetur

## Multicultural Information Centre

### Leiðbeiningar vegna umsókna til Fjölmenningarseturs í tengslum við endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar við erlenda ríkisborgara

Fjölmenningarsetur fer með umsjón og umsýsluhlutverk vegna endurgreiðslna til sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar við erlenda ríkisborgara. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar við erlenda ríkisborgara, sem hafa átt lögheimili á Íslandi í tvö ár eða skemur eða eru án lögheimilis og í sérstökum aðstæðum hér á landi. Endurgreiðslan á sér stað á grundvelli 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. einnig reglur nr. 520/2021.

Erlendir ríkisborgarar, án lögheimilis, sem falla undir reglurnar og telja sig ekki eiga möguleika á að fara úr landi eða framfleyta sér hér á landi án aðstoðar íslenskra stjórnvalda geta snúið sér til félagsþjónustunnar í sínu dvalarsveitarfélagi og óskað eftir fjárhagsaðstoð. Félagsþjónustan metur þörf á aðstoð og athugar einnig möguleika á aðstoð frá ríkisfangslandi eða tengslandeti sbr. 5. gr. reglnanna. Að því loknu er möguleiki á að sækja um viljrði fyrir endurgreiðslu úr ríkissjóði til Fjölmenningarseturs. Stofnunin leggur mat á umsóknina og veitir sveitarfélagi ráðgjöf og leiðbeiningar um vinnslu máls, eftir atvikum. Umsókn um endurgreiðslu er samþykkt sé skilyrðum í reglum fullnægt.

Við hvetjum félagsráðgjafa sem senda inn umsóknir að lesa og kynna sér vel [reglur nr. 520/2021](#). Við beinum athyglinni sérstaklega á að efst á síðunni er pdf eintak af reglugerð sem inniheldur skilgreiningu á tölulíð 1 – 7 vegna 3 mgr. um sérstök tilvik, sem eru forsenda fyrir umsókninni. Einnig er að finna fylgiskjal með VIÐMIÐ um fjárhagsaðstoð, sbr. 3. gr. reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur aðstoðar úr ríkissjóði.




1024 1280 1400 | A A A+ A++

Sé munur á uppsetningu texta hér að neðan og í PDF skjali gildir PDF skjalið.  
520/2021

Nr. 520/2021 7. maí 2021

**REGLUR**  
**um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur fjárhagsaðstoðar úr ríkissjóði.**



## Verklagsregla vegna umsókna um endurgreiðslu

Fjölmeningarsetur er með rafræna umsóknargátt sem finnst á vefsíðu okkar. Hér á eftir eru hjálpsamar leiðbeiningar til að tryggja skilvirka vinnslu umsókna.

Mikilvægt er að tryggja að einungis sé sótt um fyrir erlenda ríkisborgara sem falla undir skilgreiningu sem er að finna í reglugerð nr. 520/2021.

Aðstoð samkvæmt reglum er veitt erlendum ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) **sem eiga ekki lögheimili** í landinu. Þrátt fyrir 1. mgr. er unnt að veita EES- eða EFTA-borgara aðstoð í sérstökum tilvikum, sbr. 4., 5. og 7. tölul. 3. gr. enda sé viðkomandi talinn óvinnufær vegna heilsufarsástæðna eða annarra sérstakra aðstæðna sem hann er í hér á landi. **Sé EES-borgari vinnufær skal upplýsa hann um rétt hans til að starfa hér á landi.**

Aðstoðin er veitt í sérstökum tilvikum þegar fyrirsjáanlegt er að einstaklingur hefur ekki möguleika á að fara úr landi eða framfleyta sér hér á landi án aðstoðar íslenskra stjórnvalda. Þegar kveðið er á um einstakling í reglum þessum á það jafnframt við um fjölskyldu hans, þ.e. maka, sambúðaraðila og börn, eftir því sem við á.

Félagsþjónusta viðkomandi sveitarfélags ákveður hvort aðstoð fellur undir reglur þessar og metur þörf á aðstoð, þar á meðal samkvæmt viðmiðum 3. gr. Áður en ákvörðun er tekin aflar félagsþjónustan upplýsinga um stöðu umsækjanda hjá Útlendingastofnun og/eða lögreglu, eftir því sem við á. Þá sér félagsþjónustan um að afla upplýsinga um viðkomandi einstakling hjá sendiráði eða ræðis-manni ríkisfangslands og gengur úr skugga um að skilyrði 5. og 6. gr. séu uppfyllt.

Dvalarsveitarfélag veitir aðstoð samkvæmt reglum þessum.

**Farið er inn á svæði fyrir fagfólk (kallast resources á ensku útgáfunni) í gegnum takka efst á forsíðu vefsvæðis Fjölmeningarseturs (<https://mcc.is/is/>). Þar er hlekkur á upplýsingasíðu um endurgreiðslurnar. Í inngangi ofarlega á síðunni er hlekkur á þjónustugáttina að finna (sjá mynd á næstu blásíðu). Neðar á vefsíðunni eru fleiri leiðir til að fara inn í þjónustugáttina.**

Fjölmenningarsetur  
Multicultural Information Centre

[Að búa á Íslandi](#)
[Að flytja til Íslands](#)
[Ráðgjafabjónusta](#)
[Fagfólk](#)

MCC.is • Fagfólk • Endurgreiðslur til sveitarfélaga • Endurgreiðsla - 15. grein

Endurgreiðsla til sveitarfélaga


## Endurgreiðsla - 15. grein

Íslenska ríkið endurgreiðir sveitarfélögum tiltekinn kostnað vegna fjárhagsaðstoðar og þjónustu sem veitt er íbúum af erlendum uppruna og koma utan EES/EFTA-svæðisins en hafa átt lögheimili á landinu í tvö ár eða skemur.

Einnig erlendum ríkisborgurum án lögheimilis sem hafa lent í þeim sérstökum aðstæðum að eiga ekki möguleika á að yfirgefa landið né framfleyta sér án aðstoðar íslenskra stjórnvalda.

**ÞJÓNUSTUGÁTT**

Endurgreiðslan á sér stað á grundvelli 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. og í samræmi við reglur nr. 520/2021.



Á síðunni má finna upplýsingar um endurgreiðslurnar og hlekkja á lög um [félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991](#) og [reglur nr. 520/2021](#). Einnig er að finna þar ýmsar leiðbeiningar, kynningar og eyðublöð. Gefið er upp netfang sem nota má til að hafa samband við okkur vegna endurgreiðslanna en það er [15gr.umsokn@mcc.is](mailto:15gr.umsokn@mcc.is).

Farið er inn í þjónustugáttina með rafrænum skilríkum. Starfsmaður sveitarfélags getur farið inn á vefinn eftir tveimur leiðum. Starfsmaður notar eigin skilríki eða starfsmaður sveitarfélags notar starfsskilríki.

FJÖLMENNINGARSETUR  
MULTICULTURAL AND INFORMATION CENTRE

Þjónustugátt

Rafræn skilríki

Símanúmer

Innskrá

Fjölmenningarsetur | Árnagata 2-4 | 400 Ísafjörður | sími: 450 3090 | [mcc@mcc.is](mailto:mcc@mcc.is)

Powered by OneSystems [OnePortal](#)



Þegar komið er inn á svæði umsóknargáttarinnar er hægt að sjá öll (1.) mál sem eru í vinnslu sem hafa ekki verið send inn til okkar (2.) skilaboð í kerfinu og (3.) „umsóknir“ þar sem þið smellið til að búa til nýja umsókn.

The screenshot shows the user interface of the Fjölmenningarsetur website. At the top right, there are navigation buttons for 'Málin mín' and 'Umsóknir', with a red arrow and a box labeled '3.' pointing to the 'Umsóknir' button. Below the navigation bar, there is a language selection dropdown and a date indicator 'Góðan dag Nichole Leigh Mosty | Miðvikudagur 6. október 2021'. The main content area features two cards. The first card, titled 'Þín bíða engin ný skilaboð', has a red arrow and a box labeled '2.' pointing to it. The second card, titled 'Málin mín', has a red arrow and a box labeled '1.' pointing to it. Below the cards is a table with columns for 'Mál nr.', 'Heiti máls', 'Samband við ábyrgðaraðila', 'Staða máls', and 'Móttakið'.

Ástæðan fyrir því að við notum þjónustugátt er vegna skyldu okkar til verndar og öryggis vinnslu persónuupplýsinga. Um leið og umsókn er send til okkar er hún komin í læsta málaskrá. Mál eru alltaf vistuð undir nafni skjólstæðings og þar með eru persónuupplýsingar þeirra verndaðar. Þar sem einungis starfsmenn Fjölmenningarseturs eru með aðgang að málaskrá, þá hafið þið ekki lengur aðgang að umsókn þegar þið hafið smelt á: senda umsókn. Ef þið viljið vísa aftur í umsókn er best að þið komið upp eigin skráningarferli með því til dæmis að taka skjáskot af umsókninni áður en umsókn er send eða skráið hjá ykkur staðfestingarnúmer sem birtist á skjánum þegar umsókn er send.

Dæmi:

The example shows an email notification titled 'Umsókn'. The text reads: 'Umsókn félagsþjónustu sveitarfélags um endurgreiðslu úr ríkissjóði - Staðfestingarnúmer: 261. Umsókn þín hefur verið send og mun birtast undir málin mín þegar móttaka hennar hefur verið staðfest. Þú getur svo fylgst með afgreiðslu málsins undir málin mín.' Below the text is a green checkmark icon followed by the text 'STAÐFESTINGARNÚMER: 261'. At the bottom, it says 'Góð regla er að skrifa hjá sér staðfestingarnúmerið.'

Hér hefst vinnan við umsóknareyðublaðið sjálf. Veljið stóra dálkinn merkt: „Umsókn félagsþjónusta sveitarfélaga um endurgreiðslu úr ríkissjóði“.

FJÖLMENNINGARSETUR  
MULTICULTURAL AND INFORMATION CENTRE

Málin mín Umsóknir Annað

Select Language  
Powered by Google Translate

Góðan dag Nichole Leigh Mostly | Miðvikudagur 6. október 2021

Umsóknareyðublað

Sveitarfélög

Umsókn félagsþjónustu sveitarfélags um endurgreiðslu úr ríkissjóði

Fjölmenningarsetur | Árnagata 2-4 | 400 Ísafjörður | sími: 450 3090 | mcc@mcc.is

Powered by OneSystems ÖðnePortal

Fyrstu 9 töluliðirnir eru allir merktir með rauðri stjörnu þar sem ekki er hægt að skilja þá eftir auða. Hér er um að ræða upplýsingar þar sem gerð er krafa um að fá frá ykkur í [reglugerð nr. 520/2021](#). Mikilvægt er að félagsráðgjafar setji fram upplýsingar samkvæmt skilgreindu verklagi sem er að finna í reglugerð og ganga úr skugga um að skilyrði séu uppfyllt vegna upplýsinga um réttindi sveitarfélags til endurgreiðslu frá ríkissjóði. (sjá mynd á næsta bls.)

Skýringu:

- 1. Nafn umsækjanda:** tryggja það að nafn sé rétt skrifað samkvæmt skilríkjum skjólstæðings.
- 2. Kyn**
- 3. Kennitala/fæðingardagur:** tryggja að rétt kennitala/fæðingardagur sé skrifuð samkvæmt skilríkjum skjólstæðings.
- 4. Ríkisfang:** mikilvægt að skilgreina ef viðkomandi er innan eða utan EEA/EFTA
- 5. Dvalarstaður á Íslandi:** mikilvægt er að skrá einnig gistaðstæður ef verið er að sækja um endurgreiðslu vegna útlagðs kostnaðar vegna húsnæðis eða gistingu.
- 6. Komudagur til Íslands:** viðmið er: erlendir ríkisborgarar sem hafa átt lögheimili á Íslandi í tvö ár eða skemur eða eru án lögheimils. Við þurfum að vita hvenær fólk kom til landsins ekki hvenær það birtist ykkur í leit að aðstoð.
- 7. Lýsing á ástæðu/beiðni um aðstoð:** krafa til félagsráðgjafa er að meta þörf á aðstoð og hvort beiðni stenst skilgreiningu á sérstökum aðstæðum og viðmiðum um félagsþjónustu sem eru að finna í reglugerð nr. 520/2021 eða vegna móttöku flóttafólks viðmið um þjónusta sem eru að finna í [Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökubjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks Maí 2014](#)
- 8. Staða umsækjanda gagnvart Útlendingastofnun:** vegna skilgreiningar á sérstökum aðstæðum þurfum við að vita um tegund dvalarleyfis og/eða ef viðkomandi sé í brottvísunar ferli.
- 9. Ástæða beiðni um aðstoð.- Undir hvaða tölulið 3. Gr. reglnanna fellur umsókn:** Hér er einungis átt við að skrá númer töluliðs sem er skilgreindur undir 3. gr Sérstök tilvik.

## Upplýsingar um umsækjanda

1. Nafn umsækjanda \*

2. Kyn \*

3. Kennitala/fæðingardagur \*

4. Ríkisfang \*

10 stafir eftir.

5. Dvalarstaður á Íslandi \*

6. Komudagur til Íslands \*

7. Lýsing á ástæðu / beiðni um aðstoð \*

8. Staða umsækjanda gagnvart Útlendingastofnun \*

9. Ástæða beiðni um aðstoð. - Undir hvaða töluíð 3.gr. reglanna fellur umsóknin \*

Mikilvægt er að í töluíð 9. Ástæða beiðni um aðstoð – Undir hvaða töluíð 3. gr reglanna fellur í umsókninni sé ekki skráð útskýringu á ástæðu einstaklings sem verið er að sækja um endurgreiðslu vegna, heldur er það á ábyrgð félagsráðgjafa að skilgreina nákvæmlega hvað af töluíðum 1.- 7. sem eru að finna undir 3. málsgrein [regla nr. 520/2021](#) svo að hægt sé að meta hvort forsenda sé til að samþykka endurgreiðslu.

3. gr.

Sérstök tilvik.

Aðstoð til brottfarar frá Íslandi eða til dvalar á landinu er veitt í sérstökum tilvikum, sbr. 2. mgr. 1. gr., ef a.m.k. eitt af eftirfarandi atriðum á við:

1. Á tímabili frá því dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða alþjóðlegrar verndar hefur verið veitt þar til lögheimili hefur verið skráð og einstaklingur nýtur ekki lengur þjónustu á vegum Útlendingastofnunar.
2. Veitt hefur verið dvalar- og atvinnuleyfi til bráðabirgða og viðkomandi getur ekki framfleytt sér án aðstoðar. Leggja skal áherslu á að þetta tímabil vari sem styst og einstaklingur sé í virkri atvinnuleit.
3. Vegna fjölskyldusameiningar á tímabilinu frá því nánustu aðstandendur einstaklings, sem hefur dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða alþjóðlegrar verndar, koma til landsins uns lögheimili hefur verið skráð.
4. Beiðni er eftir að ákvörðun stjórnvalda um að einstaklingur yfirgefi landið komi til framkvæmda. Getur einnig átt við í ákveðnum tilvikum þrátt fyrir að ákvörðun stjórnvalda um að einstaklingur eigi að yfirgefa landið liggja ekki fyrir, til dæmis þegar fangi hefur fengið reynslulausn.
5. Einstaklingur getur ekki yfirgefið landið vegna meðferðar sakamáls, svo sem ef í gildi er úrskurður um farbann skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eða honum er skylt að tilkynna sig til lögreglustjóra eða dveljast á tilteknum stað skv. 114. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016.
6. Umsókn einstaklings um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða alþjóðlegrar verndar hefur verið synjað og ákvörðun stjórnvalda um að hann skuli yfirgefa landið getur ekki komið til framkvæmda.
7. Öfyrirsjáanleg áföll í lífi einstaklings hafa átt sér stað meðan á dvöl hans stóð og/eða barn/börn eru með í för og fólkiað getur ekki ferðast til heimaríkis af eigin rammleik.

Dæmi um hvernig liðir 7 – 8 – 9 eru útfylltir:

7. Lýsing á ástæðu / beiðni um aðstoð \*

John hefur þegið aðstoð skv. reglum þessum frá því xxxxx. Fyrst vegna þess að hann var fastur hér á landi vegna covid og seinna vegna félagslegra erfiðleika og brottvísunar. Nú er staðan sú að honum hefur verið birt brottvísun en ekki er hægt að framfylgja henni þar sem hann ehfur verið ákærður fyrir brot auk þess að lögreglan er með brot sem hann hefur framið til rannsóknar John glímir við mikinn félagslegan vanda, hann xxxxxxxxx og er húsnæðislaus. Hann hefur á tímabilum verið á gistiheimili en hefur jafnan verið vísað þaðan út eftir fáa daga. Hann hefur stundum verið hjá vinum og í fangaklefa og jafnvel úti.

8. Staða umsækjanda gagnvart Útlendingastofnun \*

Hefur verið birt ákvörðun um brottvísun.

9. Ástæða beiðni um aðstoð. - Undir hvaða tölulíð 3.gr. reglanna fellur umsóknin \*

4. Beiðio er eftir að ákvörðun stjórnvalda um að viðkomandi yfirgefi landið komi til framkvæmda. Getur einnig átt við í ákveðnum tilvikum þrátt fyrir að ákvörðun stjórnvalda um að viðkomandi eigi að yfirgefa landið liggji ekki fyrir, til dæmis þegar fangar hefur fengið reynslulausn.

**Liður 10. Ef umsækjandi er með fjölskyldu er mjög mikilvægt að fylla út eins nákvæmt og hægt er í reitina. Fulltrúi Fjölmenningsseturs þarf að meta hvort upphæðir og útreikningar endurspegli raunþörf á fjárhagsaðstoð.**

**Ef fjölskyldan er stærri/fleiri en reitirnir eru, þá má nota lið 12. “Annað” til að bæta við upplýsingum vegna þeirra sem komust ekki fyrir í lið 10. vegna vinnslu við umsóknina og útreikning fjárhæðar.**

Ef umsækjandi er með fjölskyldu á framfæri þá vinsamlega fyllið út í reitina

Nafn	Tengsl við umsækjanda	Fæðingardagur/kennitala	Ríkisfang	Komudagur til Íslands (ef annar en umsækjanda)	Staða gagnavart ÚTL (ef önnur en umsækjanda)
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

12. Annað

**Liður 11. Sundurliðuð heildarfjárhæð er svæði þar sem mikilvægt er að tryggja það að allar upphæðir séu rétt skráðar, vel skilgreindar og að heildarupphæð sem sótt er um sé reiknuð/skráð. Passa þarf upp á að einungis sé sótt um endurgreiðslu vegna kostnaðar sem tilheyrir þeim viðmiðum sem eru sett fram í rg. nr. 520/2021 nánar undir 7. gr. Aðstoð.**

Við mat á fjárhæð sem sótt er um til endurgreiðslu eru höfð viðmið félagsmálaráðuneytisins til hliðsjónar. (Viðmiðin eru birt í fylgiskjali). Í reit merkt **Nánari lýsing á öðrum kostnaði, óskum við eftir því að fá skýringu** með nákvæmum hætti ýmsan kostnað sem er fyrir utan gistingu, fjárhagsaðstoð, fargjöld/samgöngu kostnaður sem er skilgreindur í viðmiðum um fjárhagsaðstoð, sbr. 3. gr. reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur aðstoðar úr ríkissjóði. Dæmi:

11. Sundurliðuð heildarfjárhæð sem farið er fram á

	Fjárhæð á sólarhring	Tímabil sem sótt er um frá	Til og með	Fjöldi sólarhringa	Samtals sótt er um
Framfærsla	2091	01.10.2022	10.10.2022	10	20910
Húsnæði eða gisting	5000	01.10.2022	10.10.2022	10	50000
Samgöngur á landi, v. ferðar úr landi eða tilkynningaskyldu	2300				2300
Flugfargjald v. ferðar úr landi					
Lyfjakostnaður skv. reglugerð um endurgreiðslur					
Annað kostnaður nánari skýringu fyrir neðan	15000				15000
Fjárhæð samtals					88310

Nánari lýsing á öðrum kostnaði


2.300 kr. vegna leigubíl kostnaður í læknisskoðun  
15.000 kr. vegna kostnaður fyrir lænisskoðu

**ATH: Aðstoð skal ekki veitt fyrir en samþykki stofn-unar-innar liggur fyrir.** Í undantekningartilvikum, þegar ekki er unnt að fá samþykki svo sem vegna helgidaga, skal greiðsla engu að síður eiga sér stað en þó aldrei fyrir lengri tíma en til næsta virka dags.

Í umsókn skal meðal annars tilgreina tímabil **sem gert er ráð fyrir að einstaklingur njóti aðstoðarinnar, þó að hámarki 3 mánuðir** og einnig skal tilgreina hámarksfjárhæð aðstoðar vegna gistingar. Vari þörf fyrir aðstoð lengur en tilgreint tímabil, fjárhæð aðstoðar hækki eða aðstæður umsækjanda breytist, þarf að sækja um heimild til endurgreiðslu að nýju.



**Liður 13 er fyrir fylgigögn.** Stundum er gerð krafa um að staðfestingu um að þörf sé á aðstoð. Óskað er eftir að fá stutta skýringu á hvaða fylgigögn eru send með umsókninni sérstaklega ef það styður við skilvirkni í vinnslu umsókna. Dæmi um gögn sem gætu fylgt er úrskurður vegna brottvísana, staðfestingu eða vottorð um að viðkomandi sé óvinnufær vegna heilsufarsástæðna, gögn tengd afbroti eða úrskurði hjá dómsmálayfirvöldum, eða önnur gögn sem staðfesta að viðkomandi hafi ekki möguleika á að fara úr landi eða framfleyta sér hér á landi án aðstoðar íslenskra stjórnvalda.



Áður en hægt er að klára umsókn er óskað eftir staðfestingu. Mikilvægt er að félagsráðgjafi gangi úr skugga um að kanna fyllilega að skjólstæðingar uppfylli skilyrðin sem tengjast því að sveitarfélag hafi rétt á að sækja um endurgreiðslu. Það þarf að staðfesta að ákveðnir hlutir hafi verið kannaðir.

**1. Hér með staðfestist að gengið hefur verið úr skugga um, svo vel sem kostur er, að umsækjandi geti hvorki sjálfur né aðrir aðilar, sbr. 4. og 5. gr. framangreindra reglna, greitt fyrir þá aðstoð sem farið er fram á.**

Ef um er að ræða EES-borgara falla þeir almennt ekki undir þessar reglur þar sem þeir hafa tök á því að vinna hér á landi og eiga að geta flutt rétt sinn til bóta milli ríkja. En það getur verið um EES-borgara að ræða í sérstökum aðstæðum enda hafi félagsþjónusta og/eða heilbrigðisþjónustan metið sem svo að viðkomandi sé óvinnufær. Stundum þarf sveitarfélagið að afla upplýsinga frá upprunaríki um viðkomandi og þá óska eftir því að tekið verði á móti viðkomandi, þ.e. heilbrigðis- eða félagsþjónustan. Þegar umsókn tengist EES- borgara þarf félagsráðgjafi að staðfesta eftirfarandi:

**2. Ef umsókn er vegna aðstoðar við EES- eða EFTA-borgara í sérstökum tilvikum, sbr. 4., 5. og 7. tölul.**

**3. Er hér með staðfest að fullkannað hafi verið að viðkomandi geti hvorki framfleytt sér [sjálf/ur] meðan á dvöl [hans/hennar] stendur hér á landi né eigi möguleika á aðstoð frá ríkisfangslandi, fjölskyldu, viðkomandi sendiráði, öðru stjórnvaldi eða öðrum aðila á Íslandi, sbr. 6. gr. reglnanna.**

Síðast af öllu er að tryggja að netföng og símanúmer félagsráðgjafa sem sækir um endurgreiðslu til sveitarfélaga frá ríkissjóði séu rétt svo að hægt sé að nálgast viðkomandi ef þörf er á því að leita eftir frekari upplýsingum vegna umsóknarinnar. Kerfið fyllir út ákveðnar upplýsingar sjálfkrafa en hægt er að breyta því áður en umsókn er send inn.

Ef félagsráðgjafi telur að þörf sé að fá ráðgjöf, aðstoð eða að senda inn fleiri upplýsingar er hægt er að hafa samband í síma 450-3090 eða senda tölvupóst í netföng [15gr.umsokn@mcc.is](mailto:15gr.umsokn@mcc.is).